

Grenivíkurgleði

GRENIVÍKURGLEÐI 2024

Í ár ætlum við að endurvekja grillstemninguna. Í staðinn fyrir að borða úti ætlum við að halda grillið inn í græna sal. Við ætlum að bjóða fólki að panta sæti og með því fylgir borð, sæti, leirtau og borðbúnaður. Ekki er í boði að koma með sín garðhúsgögn. Einhver grill verða á staðnum en við hvetjum fólk eindregið til að koma með sín eigin grill.

Við bendum fólki á að nauðsynlegt er að panta borð til að geta tekið þátt í grillinu. Þeir sem ekki ætla að borða/grilla er velkomið að mæta en ekki verður gert ráð fyrir sætum fyrir þá.

Pantið borð hjá Sigurði Gauta í síma 8393367

Verð fyrir frátekin sæti í græna sal:

Fullorðnir: 2000 kr

Börn á grunnskólaaldri: 1000 kr

Frítt fyrir börn á leikskólaaldri

Það eina sem þarf að mæta með er eitthvað á grillið, meðlæti, grill ef menn vilja og góða skapið

Dagskrá grillsins:

19:00 Grillundirbúningur

20:30 Kassagítar og hópsöngur

21:00 Krummi Björgvinsson spilar og syngur

22:00 Færibandið verður með dansleik fram á nótt.

Við bendum á að það er 18 ára aldurstakmark eftir kl 23:00 og biðjum alla að virða það.

